

## Fundargerð stjórnar Sprotasjóðs 4. september 2018.

Mætt voru í mennta- og menningarmálaráðuneytið: Björk Óttarsdóttir, formaður stjórnar, Sonja Dögg Pálsdóttir frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Svandís Ingimundardóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Anna María Gunnarsdóttir frá Kennarasambandi Íslands og Jón Torfi Jónasson, skipaður af háskólastiginu. Sigrún Vésteinsdóttir umsýsluaðili Sprotasjóðs sat fjarfund í Háskólanum á Akureyri. Björk setti fundinn kl. 9:30 Sigrún Vésteinsdóttir var fundarritari.

Eftirfarandi liðir voru ræddir.

### 1. Áherslur næsta tímabils

Hugmyndir að áherslum:

- Börn af erlendum uppruna, brotthvarf, skólabragur, flæði milli skólastiga, samstarf, samþætt þjónusta, samvinna kerfa / samþætt þjónusta fyrir vellíðan og velferð barna.

Á fundinum var rætt um áherslur annarra sjóða. Námsleyfasjóður hefur nýverið samþykkt áhersluatriði fyrir næstu úthlutun, þau eru:

- Skóli framtíðarinnar - 4. iðnbyltingin
- Starfstengd leiðsögn og ráðgjöf í kennslu í grunnskóla.

Samtal um skort á áherslu á list- og verkgreinar og hvort mögulegt væri að tengja áherslur Sprotasjóðs á einhvern hátt við þær?

Ræddar voru hugmyndir að áherslusviðum fyrir næsta skólaár. Ákveðið var að fá hugmyndir ráðherra fyrir næsta fund stjórnar og að stjórnin myndi hittast fljótlega aftur og taka ákvörðun um áherslur sjóðsins fyrir næsta úthlutunarár með hliðsjón af vilja ráðherra. Ákveðið var til að fela formanni að koma með tillögu að ramma um vinnu stjórnar fyrir næsta fund með dagsetningum fyrir auglýsingu, umsóknarfrest, úthlutunardag o.fl..

### 2. Ráðstefna til að kynna verkefni sem fengið hafa styrk

Björk mætti á fund hjá Félagi áhugafólks um skólaþróun sem formaður stjórnar Sprotasjóðs og sem fulltrúi ráðuneytisins. Hugmyndin er að búa til samstarfsveitvang fyrir þá hagsmunaaðila sem koma að skólaþróunarmálum. Á þessum fundi var rætt um að hafa árlega ráðstefnu til að koma skólaþróunarverkefnum á framfæri.

**Stjórn Sprotasjóðs fagnar mjög þessu framtaki félagsins og vill stjórnin taka þátt í undirbúningi þessa verkefnis. Sjóðurinn hefur ekki heimild til að taka þátt í kostnaði með beinum hætti en stjórn sjóðsins er tilbúin til að leggja fram stuðning í formi vinnuframlags og þekkingar til samstarfsins.**

### 3. Skýrsluskil - umræða um breytt skýrsluskil

Rætt var um hvernig mætti hugsanlega breyta fyrirkomulagi á lokaskýrslum verkefna sem hljóta styrk frá sjóðnum. Stjórn sjóðsins mun skoða tillögur að því hvernig breyta megi formi á lokaskýrslum með því að nýta meira tæknina til að miðla afrakstrinum á lifandi hátt. Einnig þarf að skoða hvernig væri hægt að flokka verkefnin á síðunni eftir innihaldi þeirra svo betri yfirsýn náist yfir verkefni sem lúta af því sama.

### 4. Fyrirspurn vegna úttektar á starfsþróun kennara í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Sprotasjóði hefur borist fyrirspurn sem lýtur að því að fá upplýsingar um umsóknir sem borist hafa sjóðnum frá grunnskólum Reykjavíkurborgar. Umsýsluaðila var falið að taka saman

upplýsingaskjal úr umsóknarkerfi sjóðsins og senda til ráðuneytisins til frekari skoðunar með hliðsjón af persónuverndarlögum.

## 5. Hugmyndir að breyttu verklagi og umgjörð sjóðsins.

Jón Torfi sendi til stjórnar nokkrar eftirfarandi hugmyndir sem ræddar voru á fundinum.

### A. Veruleg aukning fjárveitingar til sjóðsins.

Efla sjóðinn og gera umgjörðina skýrari. Hvernig gæti t.d stjórn sjóðsins beitt sér í því að efla sjóðinn enn frekar og benda stjórnvöldum á mikilvægi þess að efla sjóðinn. Jón Torfi mun skoða þessi mál og ræða við fl. aðila.

### B. Hugmyndir um breytingar á verklagi

Eftirfarandi hugmyndir um breytingar á verklagi voru ræddar stuttlega.

- Skipta sjóðnum upp og hafa 1-2 stærri styrki til stærri verkefna. Sömuleiðis ættu a.m.k. sumir styrkjanna að vera til lengri tíma en eins árs.
- Gera skýrari kröfu um samstarf fleiri en eins skóla/skólastigs. Samstarf styrkir í flestum tilfellum verkefnin. Væri hægt að auglýsa það snemma og hvetja skóla til að ræða saman og mynda lærdómssamfélög. Hugsanlega búa til einhverskonar forvinnukerfi og/eða búa til umræðuvettvang fyrir skóla þar sem þeir gætu undirbúið samvinnu fyrir næsta umsóknatímabil.
- Mikilvægt að skoða hvernig við skilgreinum áherslur, ekki bara efnislega heldur líka formlega, m.a. hvað sé átt við með „sproti“.
- Gagnlegt fyrir sjóðinn að fá yfirlit yfir styrktarsjóði einstakra sveitarfélaga. Svandís ætlar að fá upplýsingar um þessa sjóði og koma með á fund stjórnar.
- Rætt var um að fá inn á fund stjórnar nokkra aðila sem eru að vinna áhugaverð verkefni, fá álit hjá þeim á mikilvægi sjóðsins. Einnig að heyra í fólki sem er að vinna inni í skólunum, t.d eins og sérfræðingum hjá Miðstöð skólaþróunar.
- Rætt var um 10 ára afmæli úthlutunar úr sjóðnum á næsta ári en að því tilefni væri ekki úr vegi að skoða hvernig mætti efla sjóðinn á þessum tímamótum.

## 6. Önnur mál

Ákveðnir voru fundir haustsins sem hér segir: **9. október, 7. og 27. nóvember.**

Ákveðið var að 9. október fengi stjórn til sín fulltrúa GRUNNS og tveggja til þriggja verkefna sem fengið hafa styrk út sjóðnum til samtals og samráðs.

Fundi var slitið kl. 12:00.